



Úthlutunarreglur íbúða HSV

Almennar reglur.

Samningar við aðildarfélögin eru gerðir í maí og september ár hvert og skulu óskir um íbúðir vera sendar inn fyrir 1.mars og 1.ágúst. Í umsókninni skal koma fram hversu margar íbúðir félagið óskar eftir, fyrir hvern íbúðin er ætluð þ.e. þjálfara/leikmenn eða hvortveggja og til hvers langs tíma félagið óskar eftir íbúðinni. Ekki er gerður samningur nema að hámarki eitt ár í senn nema í undantekningartilfellum. Hvert félag getur ekki verið með nema eina íbúð í leigu í einu í hámarksleigutíma. Ef svo ber undir gætu félög þurft að samnýta íbúð. Leiguíbúðir HSV eru ekki lausn á framtíðarhúsnæði íþróttafélaga og ber að líta á þær sem skammtímalausn fyrir þjálfara og leikmenn. Félag með íbúð í leigu ber fulla ábyrgð á skemmdum í íbúðinni. Horft verður til menntun þjálfara s.s. íþróttfræðingur, íþróttakennari og/eða með þjálfaramenntun.

Forgangsreglur

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna og unglíngastigi.
 - a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglíngastigi.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
 - iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
2. Annar forgangsflokkur: Aðrir þjálfarar.
 - a. Forgangur á aðra þjálfara.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.
 - a. Forgangur vegna leikmanna.
 - i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.
 - ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Taka skal allar umsóknir fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum.

